

Jón Sigurðsson og verslunarfrelsið

Á MÓTUM TVEGGJA TÍMA

Ræða flutt á Hrafnseyrarhátíð 17. júní 2005
Sigríður Á. Snævarr

Við skulum ímynda okkur að Jón Sigurðsson, afmælisbarn dagsins, standi hér í túninu á Hrafnseyri árið 1855 eða fyrir réttum 150 árum. Hann var þá 44 ára gamall og verslunarfrelsið, sem hann barðist fyrir, var nýlega í lög leitt. Við skulum taka okkur skáldaleyfi í tilefni hátíðahaldanna í dag og láta hugann reika, gefa fræðimönnunum eftir hin öguðu vinnubrögð með mikilli virðingu fyrir þeim og ímynda okkur að Jón Sigurðsson hafi komið hingað til Hrafnseyrar á afmælisdaginn 1855 til fundar við föður sinn. Við skulum gerast ósýnilegir áheyrendur að því sem þeir segja og hugsa. Við erum svolítið óheppin því að þingið 1855 var eitt fárra þinga sem hann sat ekki, þrátt fyrir 29 ferðir yfir Atlantsála, en leyfum okkur að leika okkur og láta hann standa hér fyrir framan okkur á 44 ára afmælisdaginn.

Faðir hans sr. Sigurður Jónsson er þá á lífi, 77 ára gamall, en deyr síðar sama ár og er raunar fluttur frá Hrafnseyri og til dóttur sinnar Margrétar í Steinanesi, en hvað um það. Við skulum setja okkur svolítið inn í líf þeirra beggja og yrkja í eyðurnar. Við höfum heilmiklar forsendur til að ímynda okkur þetta allt, höfum að vísu enga ljósmynd af föðurnum, en þeim mun fleiri af syninum. Hvernig getum við nálgast þessa ímynduðu stund best? Reynum að teikna upp leiksviðið, því það er alltaf stærra en leikendurnir. Við skulum skoða sendibréf og blaðafregnir ársins sem gætu hjálpað okkur við að rissa upp mynd af lífinu í kringum þá feðga á þessum tíma.

Byrjum á bréfunum: Í lífi Jóns er heilmikið að gerast. Hann tíundar í bréfum sínum ástæður þess að hann kemst ekki á þing um sumarið; vinnukona á heimilinu er veik en aðallega er hann uggandi um eigin hag og veltir fyrir sér að hætta í stjórnmalum. Verstu fjárhagskröggurnar leysast þó um sumarið þegar hann fær styrk til að vinna að útgáfu Fornbréfasafnsins. Á þessu ári, árinu 1855, berst hann eins og laxinn á móti straumnum, erfiðleikaár eftir þjóðfundinn 1851 og í baráttu fyrir verslunarfrelsinu eru að baki og vonbrigðin mikil að landsmenn láti hann ekki njóta ávaxta erfiðisins og vinna að framkvæmd verslunarlaganna. Annir eru við lagasafnið, umsvif fyrir Hið íslenska bókmenntafélag, áform um útgáfu Illinionskviðu. Hann færir fréttir af því hvernig Bretar og Norðmenn nýta sér nýfengið verslunarfrelsi við Ísland, á í orðahnippingum við fylgismenn sína sem ásaka hver annan um linku, ritar bókina Om Islands statsretlige Forhold.

Og hvað er helst í fréttum frá Íslandi þetta árið? Ef vel er að gáð, má sjá að margt gerist á árinu, sem síðar verður frjókorn breytinga, en tíðarandinn einkennist af deyfð. Ætli menn hafi áttað sig á því hve markvert það var að fá fyrsta gufuskipið í Reykjavíkurbörn, eða hver kaflaskil það voru að fyrstu Íslendingarnir komust til Vesturheims, þegar íslensku mormónarnir komust til Úta? Árið var tvívígt frelsinu, því prentfrelsi var lögleitt á Íslandi og verslunarfrelsið komst á. Árangur verslunarfrelsisins lét ekki á sér standa. Frakkar beina ósk til Alþingis Íslendinga

um að setja á stofn stóra fiskverkunarstöð í Dýrafirði aðeins þremur mánuðum eftir að verslunarfrelsi er í lög leitt.

Alþingi er haldið annað hvert ár og 1855 er þingár. Vangaveltur voru um þingmennina og þá ekki síst hvort fjarvera Jóns af þinginu benti til að hann væri að hætta í stjórnámálum og fylgismenn hans að gefast upp í baráttunni. Margt fleira má tína til úr annáli ársins: Skáld-Rósa deyr, Felsenborgarsögur koma út og þykja lostafengnar og kámugar, lögreglustjórinn í Reykjavík fær kvartanir vegna fjóshaugs í Austurstræti, minnisvarði er reistur að undirlagi Jóns um sr. Tómas Sæmundsson Fjölismann og hafis er fyrir Norðurlandi. Stjórnmalahræringar í Danmörku skipta að vonum miklu fyrir Ísland.

Umskipti hafa orðið um áramótin til hins betra fyrir framvarðasveit Íslands og sem dæmi um hve skjótt skipast veður í lofti í dönskum stjórnámálum og hve nátengd örlög íslenskra baráttumanna og danskra eru, má nefna að nýi menntamálaráðherrann hafði nýlega sætt embættismissi vegna stjórnmalaskoðana sinna. Íslenskir samherjar Jóns á þjóðfundinum höfðu sætt sömu örlögum. Sjálfur var hann embættislaus og gat ekki misst það sem hann átti ekki, en var settur í styrkjabann sem aflétt var um sumarið.

Gróska var í dönsku efnahagslífi, en hún gagnast ekki Íslandi, þar hvílir deyfðin eins og mara yfir öllu. Ekki er heldur hægt að jafna saman Kaupmannahöfn, þar sem Hafnaríslendingar búa, eða Reykjavík, höfuðstað Íslands. Þéttbýlismyndun er hröð í Danmörku á þessum árum og 150 þúsund manns búa í Kaupmannahöfn, en í hinu íslenska bændasamfélagi búa aðeins helmingi fleiri í Reykjavík en í Dýrafirði, eða 1353 í Reykjavík og 735 í Dýrafirði. Hin pólitíska framvarðasveit Íslands býr í Kaupmannahöfn á þessum gróskutímum samtímis heimsþekktum Dönnum eins og þeim Ørsted, H.C. Andersen og Sören Kirkegaard og horfir úr fjarlægð heim, þar sem allt er við það sama.

Nú tókum við okkur risavaxið skáldaleyfi og stefnum þeim feðgum hingað á Hrafnseyri í huganum. Dagurinn er 17. júní fyrir 150 árum. Á leið til Hrafnseyrar hugsar Jón margt. Vissulega nýtur hann sigurstundar nýju laganna enda var óhemju erfitt ferli að baki. Í þessu máli var engin þjóðernisrómantik, verslunarmál eru ekki þelið sem ljóðin eru spunnin úr og svolítið langsótt að vísa til gullaldar íslenska þjóðríkisins og frjálsrar verslunar á þeim tíma. En hvað um það. Stemning hafði skapast í kringum verslunarmálið þegar hann skrifaði ritgerðina í Ný félagsrit og nú var að sjá hvort menn væru tilbúnir að nýta sér frelsið. Allir voru óánægðir með dönsku kaupmennina, en fæstir í landinu höfðu hleypt heimdraganum og því ekki upplifað að verslunarhættir vörðuðu alla þætti samfélagsins, að um heildarhagsmunum er að ræða en ekki aðeins bót fyrir fámenna stétt kaupmanna. Hann er í hjarta sínu stoltur af því að hafa náð þessum áfanga þegar sjálfstæðisbaráttan á Alþingi var í lægð og séð starfsaðferðir sínar skila árangri. Hann er í senn sigurviss og fullur vonleysis þetta sumar. Hann finnur að Íslendingar eru vanir að hugsa sér allt vald í höndum konungsins og því ekki tilbúnir að skilja hið nýja þjóðfélag samtímans, þar sem valdinu er dreift. Hann sér að verkefnið framundan er risavaxið og að annað hvort skerpur hann vopnin eða leggur þau niður.

En hugsjó ykkur, ef hann hefði vitað á þessari sigurstundu, hve langt yrði í næsta sigur í sjálfstæðisbaráttunni? Nærfellt tuttugu ár eiga eftir að líða, þangað til Íslendingar fá loksins stjórnarskrána 1874. En um það veit hann auðvitað ekkert hér í Arnarfirðinum, lætur sig bara dreyma um breytingarnar framundan. Hann hugsar með sér hve Íslandssagan hefði orðið öðru vísi, ef verslunin hefði verið frjáls, hann leiðir hugann að öllum þeim glötuðu tækifærum sem það hafði kostað okkur að vera meinað að versla við aðra en þegna Danakonungs. Hann hlær með sjálfum sér að sögu Jörundar hundadagakonungs; það mál hefði aldrei komið upp hefði Bretum á þeim tíma verið leyft að eiga verslun við Íslendinga.

Á leiðinni yfir hafið hafði hann séð allar skúturnar í kringum landið, frá Bretlandi, Frakklandi og Noregi. Nú kæmu þessir menn til að veita dönsku kaupmönnum harða samkeppni sem myndi leiða til lægra vöruverðs. Fjárfestar kæmu og sæju tækifærin, og bylting yrði í vöruvöndun í landinu þegar nýir markaðir myndu fyrir íslenskar vörur. Ef hann bara gæti losnað undan því að snapa sér vísindastyrki, þá gæti hann gefið sig allan að verslunarmálunum. Hann dreymdi um að verða launaður viðskiptafulltrúi búsettur í Kaupmannahöfn, sem notaði sín góðu sambönd erlendis í leit að tækifærum fyrir Íslendinga. Hann hefur látið sig dreyma og sá fyrir sér borgarastétt rísa í íslensku þéttbýli, ímyndaði sér íslenska kaupmenn koma til starfa eftir verslunarnám erlendis og að nýjar stéttir iðnaðarmanna yrðu til. Samskiptin við útlönd yrðu treyst og iðnbyltingin næði fótfestu hér sem annars staðar. Hagnaðurinn yrði eftir í landinu til frekari fjárfestinga og menning og menntun myndu færast inn í landið. “Hver ætli verði fyrstur, kannski Frakkar?”, hugsar hann og rifjar upp sögusagnir um áhuga Frakka á fjárfestingum hér í fiskverkun. Hann hafði frétt af fleygum orðum franska útgerðarmannsins Locus Morand í Paimpol á Bretagne árið 1852: “Framabrautin blasir við ykkur, herrar mínir, fyrir ykkur er Ísland auðæfi framtíðarinnar.”

Hann vaknar upp af dagdraumum sínum og hugsar um föður sinn, háaldraðan og veikan. Hann skilur ekkert í sjálfum sér, raunsæismanninum að gefa sig dagdraumum á vald. Ætli það sé ekki þessi fagra sveit og æskuminningarnar sem örva hugann? Nú er um að gera að stilla sig inn á bylgjulengdina hans pabba, hann getur treyst því að orðskiptin við hann verði beinskeytt og gefi innsýn inn í það sem er að gerast í hugarfylgsnum þeirra sem þarf að sannfæra um gjörbreytt þjóðfélag.

Þeir heilsast með kossi og Jón spyr eftir móður sinni, prestdótturinni Þórdísi Jónsdóttur. Auðvitað var sr. Sigurður í aðra röndina ánægður og stoltur af sínum þjóðkunna syni, hafði sjálfur hleypt heimdraganum og gengið í Bessastaðaskóla. Eftir það tók hann við prestsskap á Hrafnseyri eftir föður sinn og kenndi svo stráknum undir stúdentspróf. Feðgarnir voru báðir orðlagðir vinnuþjarkar þó ólíkt hefðust þeir að, en um eitt sameinuðust þeir í brennandi áhuga: íslensk fræði. Þar sleppti hinni sameiginlegu heimsmynd. Meðan faðirinn ræktaði garðinn sinn og Guðsríkið, sótti sonurinn í víking, á vit nýrrar þekkingar um hagfræði og stjórnunarhætti, safnaði bókum um allt það sem best gerðist hjá öðrum þjóðum og virkjaði til fylgis við sig efnismenn og hvatti til dáða. Sonurinn var stöðugt að safna í sarpinn og leggja grunninn að sjálfstæðu íslensku ríki, eins

og hann sæi ekki annmarkana á að koma þessu í framkvæmd. Faðirinn sinnti sínu og fór aldrei á kjörstað.

Þeir hefja tal sitt að venju á umræðum um skepnuhald og veðurfar, en sr. Sigurður á sterkan leik eins og nú var komið málum, því að venju færir hann gild rök gegn stjórnmalavafstri sonarins í Kaupmannahöfn. Afstaða hans er sígild í bókmenntunum, hvorki bundinn við þennan stað né þessa stund. Halldór Laxness bjó henni margvíslegan búning, m.a. í Brekkukotsannál þar sem segir að “upphaf vellíðunar sé að vera ekki að skipta sér að því hvurt aðrir menn ætla.” Sigurður viðurkennir fúslega að frá endurreisn Alþingis 1845 og fram af hinum skelfilega þjóðfundi 1851 hafi menn átt sér von. Núna var aftur á móti ekki hátt risið á frelsistrúnni þegar ljóst var að allt var þetta leiksýning Dana, gulrót sem veifað var fyrir framan menn sem síðan léku af sér og máttu þola eða þurftu að óttast embættismissi.

Feðgarnir eru báðir rökfastir og láta ógjarnan hlut sinn. Nú horfir Sigurður sigri hrósandi á son sinn, ímyndar sér að þarna hafi hann komið með trompið. Í framtíðarsýn Sigurðar er Jón sonur hans orðinn séra Jón, pontan á Alþingi vikur fyrir prédikunarstólnum í kirkjunni í Hrafnseyri við messu á sunnudögum. Væri það ekki nær en afskipti af Dönum og þeirra valdabrölti? Hann setur soninn beint inn í eigin dagdrauma sem snerust um sveitina, íslenska náttúru og Guðsríkið. Með þessu trompi fannst honum hann vera búinn að leysa mál þjóðhetjunnar og umbreyta henni í góðan son til að sinna sér í ellinni. Hann hugsar um vinnusemi og námsgáfur Jóns og hugurinn reikar áfram. Næst því að fá Jón í prestsskap á Hrafnseyri (og nú tókum við okkur skáldaleyfi), hefði hann viljað eiga son sem yrði biskup Íslands, þó búsettur væri þá reyndar fjarri Arnarfirði. En það myndi samt gagnast honum betur en þessi vitleysa. Hann sér sveitungana fyrir hugskotsjónum þar sem þeir bukka sig í djúpri virðingu fyrir Sigurði biskupsföður. Hvílík gæfa yrði það ekki fyrir prestshjónin að fá Jón heim fremur en þurfa að hlusta á eilíft nag í sveitinni um þetta endurreista Alþingi sem engu réði og tefði í raun fyrir framförum. Að auki væri það fjölmenn og dýr kjaftasamkoma sem var að sliga prestana og þá fáu embættismenn og bændur sem höfðu kosningarétt. Hann vildi umfram allt koma drengnum af þingi, svo hann losnaði við að heyra hvernig sveitungarnir töluðu um soninn sem dýrasta alþingismanninn, fjárhagslegan bagga á kjósendum.

Í stuttu máli vill faðirinn tala um fyrir syninum, fá hann til Íslands til að leita hefðbundinna leiða til að komast áfram í metorðastiganum. Hann vísar til þess að hátterni hans sé ekki í stíl við persónuleika hans. Jón sé enginn rómantíker, heldur sverji hann sig í ætt raunsærra upplýsingamanna og eigi andlegan verustað á Íslandi en ekki með þessum sveimhugum þarna úti. Hann fær ekki annað séð en sonurinn sé búinn að brenna allar brýr að baki sér með hátterni sínu á þjóðfundinum. Hvernig þorði hann að stíga á stökk og mótmæla í nafni konungs og þjóðarinnar? Var Trampe ekki að réttum lögum stiftamtmaður? Eftir þennan fund hafi allt verið í glundroða, bændur nefni hunda sína Trampe, hermenn hafi verið í heilt ár í Reykjavík gráir fyrir járnum og menn segi að þeir hafi verið tilbúnir að skjóta á Jón og fylgismenn hans. Æ, strákurinn er í hættu og þetta hátterni er svo ókristilegt. “Aldrei að víkja” er ekki beinlínis boðskapur Guðsríkis. Hvar skyldi þetta enda? Hér heima geti hann gott af sér leitt og hér sé

hamingjuna að finna: “Skjóttu þangað sem meiri er þörfin” segir sá gamli og biður hann nú blessaðan að hætta þessari vitleysu, koma heim og fá embætti. Hætta skal leik þá hæst hann stendur. Danir munu ekki hlusta endalaust á embættislausan mann. Þakkaðu fyrir sigurinn sem verslunarfrelsið er, segir hann, það er áþreifanlegur árangur. Þú hefur borið hitann og þungann af því og hlotið sóma af.

Þetta er lokatrompið, hann kórónar fortölurnar með því að setja punktinn aftan við verslunarfrelsið. Með því hefði Jón sett eðlilegan lokapunkt á sinn stjórn málaferil. Nú væri nóg komið og aðrir tækju nú við svoleiðis málum, enda káfaði verslun ekkert upp á aðra en kaupmenn sjálfa og síst af öllu hans fólk. Aðalatriðið í peningamálunum væri að eiga fyrir sinni eigin jarðarför og vinnusamir menn nái alltaf því marki. Hvaða máli skipti annað en það að eiga fyrir sinni jarðarför og mæta Guði skapara sínum í Guðsríki, ekki réðu Danir því!

Áður en við leggjum við hlustir og heyrum hlið Jóns á þessum málum, skulum við staldra aðeins við. Faðirinn vill að Jón sækji um formlegt embætti, en sonurinn vill búa sér til foringjastöðu, hafa áhrifastöðu fremur en formlegt vald í krafti embættis. Af orðræðu föðurins er okkur ljóst að hann vill engar breytingar yfirleitt. Menntun er honum leið til að fræðast fyrir sjálfan sig en að öðru leyti vill hann feta í fótspor föður síns og afa. Jón sækist eftir hlutverki sem á sér enga fyrirmynd á þessum tíma. Íslenskur stjórnámamaður er ekki til. Hann vill ekki aðeins fræðast sjálfur, heldur koma þekkingunni á framfæri við landsmenn og umbreyta þjóðfélaginu í krafti þekkingar. Faðirinn sótti sér menntun í Bessastaðaskóla en hvarf svo til fæðingarstaðar síns og óbreyttra heimahaga, en sonurinn fer til Hafnar og vill ekki koma heim í óbreytt ástand.

Ætli þessi afstöðumunur hitti ekki mörg okkar í hjartastað? Nákvæmlega þarna sjáum við nefnilega muninn á góðum menntamanni og öflugum leiðtoga. Eða eigum við að kalla það muninn á stöðuorku föðurins og sóknarorku sonarins? Faðirinn sótti í einsleitnina en sonurinn í fjölbreytnina. Faðirinn lætur hræðsluna við almannaróm og viðteknar venjur stjórnanna sér, sonurinn þorir að koma með nýjan stjórnunarstíl. Feðgarnir eru um margt líkir, fræðimannsgleðin og vinnusemin einkennir lunderni beggja. Munurinn liggur í því hvert þeir beina starfsorkunni.

Því miður fyrir heiminn og framþróun hans erum við miklu fleiri sem förum að fordæmi sr. Sigurðar og beinum orkunni allri á sama stað til að rækta vel okkar litla garð. Við erum vel upplýst, en hlutlaus, full stöðuorku og myndum frekar verja tímanum eins og sr. Sigurður til að endurrita Snorraeddu eftir forskrift, en að ganga skrefinu lengra eins og Jón sem varðveitti ekki aðeins menningararfinn, heldur spann úr þeli menningararfsins rök sín í frelsisbaráttu. Faðirinn heillaðist af ævisögu Franklín, en sonurinn þýddi bókina, gaf hana út. Hann vill taka sér Benjamín Franklín að fyrirmynd, verða bæði vísindamaður og leiðtogi. Hann viðar ekki bara að sér bókum og þekkingu, heldur nýtir þekkinguna til að miðla henni til annarra í Nýjum félagsritum. Hann hafði sóknarorku.

Við tölum um það nú á dögum að menn lifi í boxi eigin viðhorfa. Boxin eru mjög greinileg í málflutningi þeirra feðga. Boxið sem Hafnaríslendingar lifðu í, var að

sumu leyti á annarri öld en landa þeirra heima. Með því að stilla þessum tveim heimum upp, hlýtur nútímamaðurinn að velta fyrir sér hvernig framvarðasveitin í Höfn, gat fengið nokkru framgengt á Íslandi. Með sama hætti rennir okkur grun í hve sársaukafullt hlutskipti brautryðjandans er og hve langt er frá því að leið hans sé vörðuð af samneyti við jábræður. Hafnarstúdentar lifðu hvorki í samtímanum í Danmörku né á Íslandi, þeir áttu sér drauma um að hægt væri að búa til eina heild úr hvoru tveggja. Munurinn á Jóni og hinum er sá að hann gengur skipulega til verks við að leggja grunninn að þessari sameiningu, setur Ísland í draumum sínum inn í danskar aðstæður.

Gamli maðurinn vaknar sem af draumi við það að sonurinn tekur til máls. Jón er þroskaður maður og veit í hjarta sínu að föðurnum er annt um hann. Ástandið er að sönnu ekki beysið og ekki að undra að faðirinn óttist um líf hans, afdrif og afkomu. Samt telur Jón að föðurnum sé ekki eins leitt og hann lætur. Gagnrýnin á Alþingi og framþróunina er svolítið í nösunum á fólki, það hefur þetta hver eftir öðrum. Fyrst og fremst eru menn óvanir tilhugsuninni um breytingar og bakslagið eftir þjóðfundinn er vatn á myllu þeirra sem óttast breytingar. Ellin er að sliga gamla manninn og deyfðin í landinu að ná tókum á honum. Öll erum við undir lögmáli tímans segir Jón og rifjar upp kristnitökuna og hina viturlegu ákvörðun að leyfa öllum sem vildu blóta hinn gamla sið í laumi. Áhyggjur Jóns eru af unga fólkinu og spurningin snýst um það hvort hann nær eyrum þess. En sonarástin knýr hann til að taka til máls og skýra mál sitt. Á þessum bernskuslóðum eru rætur hans og jarðarskikinn sem hann erfði eftir afa sinn er forsenda fyrir pólitískri þátttöku hans. Hann hefur kjörgengi og kosningarétt í krafti eignarréttar á íslensku landi. Við sem fylgjumst með þeim feðgum í leyni, brosum út í annað, því samkvæmt nógildandi lögum hefði Jón Sigurðsson búsettur til langframa erlendis, verið búinn að missa hvort tveggja.

En aftur til þeirra feðga. Jón langar ekki til að skilja við föðurinn hinsta sinni, án þess að hafa gert honum grein fyrir sjálfum sér. Rök föðursins eru sem hans eigin innri rödd, efasemdaröddin sem við öll þekkjum. Hann er föður sínum þakklátur fyrir að láta sig berjast við þessi rök og veit að honum gengur gott eitt til að vilja leysa mál hans. Faðirinn kann þá list að stilla Jóni upp við vegg og knýja hann til að taka afstöðu. Þetta bregst ekki þennan fagra júnídag á Hrafnseyri, það er eins og orðin komi ósjálfrátt. Hann ætlar að halda baráttunni áfram frá Kaupmannahöfn og láta allar áhyggjur lönd og leið. Hann segir: “Æ, pabbi minn. Þegar menn koma heim sest hver í sitt horn og leggst fyrir að sofa.” Baráttan sé ekki vonlaus, mundu það sem Benjamín Franklín sagði “að litlir kraftar vel hagnýttir hafi hrundið miklu ofurafli”. Málið snúist um að leysa þessa krafta úr læðingi, við rammann reip sé að draga en tíminn vinni með honum.

Hann bendir á að erfitt sé um vik að koma hér upp nútímasamfélagi þegar borgarastéttin er fámenn og þeir upplýstu séu konungs- og danskhollir embættismenn sem engu vilji breyta. Bændurnir séu uppistaða þjóðfélagsins og hafi ekki hagsmuni af því að hér rísi þéttbýli. Engu að síður sæki hann fylgi sitt til þeirra, og hann nefnir Ara Finnsson í Saurbæ á Rauðasandi sem dæmi um bónda sem hafi framtíðarsýn, nái til fólks og hvetji það til að hugsa út fyrir sína sveit. Deyfðin sé auðvitað allt að drepa, en uppreisnarinnar á þjóðfundinum verði lengi minnst, hún hefði komið í veg fyrir að við yrðum innlimuð sem hver annar

hreppur skv. dönsku grundvallarlögunum 1849. Það var ekki til einskis unnið að koma í veg fyrir skaðann, þó ekki ynnist sigur.

Enginn er eyland, að mati Jóns, allur heimurinn er eitt leiksvið og það finni Hafnaríslendingar best því til Kaupmannahafnar berist straumar hvaðanæva að, meðal annars frá mestu tilraunasmíðju allra þjóðfélaga, Ameríku. Í Höfn verði hann að búa til að vera köllun sinni trúr. Gyllingin af fjarlægðinni myndi fljótt fara af ef hann flytti heim og hann sjálfur myndi brátt hætta að hlusta á heiminn og yrði fljótt gagnslaus á Íslandi. Hann megi ekki hætta í stjórn málum á þessari ögurstundu þegar okkur hefur tekist að losa okkur úr dönsku verslunarklónum. Hann reynir að sannfæra föður sinn um gildi frelsisins og hve innilega við eigum að fagna verslunarfrelsinu. Við eigum að upplifa þessa stund sem sanna hamingjustund eins og verða ástfangin í fyrsta sinni og ekkert verður eins á eftir.

Feðgarnir hverfa okkur sjónum og við höfum 150 ára forskot fram yfir þá til að meta hvor varð sterkari stöðuorkan eða sóknarorkan. Þetta tvennt togaðist á þá sem endranær. Hætt er við að lífsskoðun föðursins hafi orðið ofan á skömmu eftir ímyndaðan fund þeirra feðga. Ekki voru nema þrjú mánuðir liðin frá fengnu verslunarfrelsi er bakslagið kom. Þegar til kom varð ekkert af frönsku fjárfestingunum í Dýrafirði, Frakkarnir sneru sér til Alþingis tveim vikum eftir hinn ímyndaða fund feðganna. Jón sat það þing ekki og Alþingi vísaði málinu frá sér, vegna andstöðu bænda. Málið kom til kasta danska þingsins og stórveldin blönduðu sér í málið, enda var um svo mikil umsvif að ræða, 5000 manna fiskverkunarstöð, að sjónarmið frjálsrar verslunar urðu að víkja fyrir stórveldapólitík. Mikla lexíu mátti læra af því máli. Frelsishugsjónir Jóns urðu að víkja fyrir hagsmunum hans sem þingmanns í héraði og hugsjónir verslunarfrelsisins urðu að víkja fyrir stórveldapólitík. Raunveruleikinn var tekinn við af dagdraumunum og mönnum fór að lærast að langur tími getur liðið frá lagasetningu og þangað til að lögin hafa tilætluð áhrif. Það gildir um svo ótal margt, eins og annað lagaafmæli minnir okkur á í tilefni af lögunum um kosningarétt og kjörgengi kvenna sem sett voru fyrir 90 árum.

Allt er háð lögmáli tímans. Við sjáum betur nú en nokkurn tímann áður hvert afrek verslunarfrelsið var og hve mikil ástæða er til þess að halda upp á það. Við áttum okkur betur nú en áður á afli viðskiptalífsins í samfélaginu og áhrifum lagarammans á viðskipti. Ljósinu hefur verið beint að því, að framlag Jóns til verslunarmála var engin hliðarlína í starfi hans, heldur kveikjan að áhuga hans og forystu í stjórn málum. Það er ekki fyrr en á seinni árum sem hagfræðingar hafa beint sjónum sínum að þekkingu Jóns Sigurðssonar á þessu sviði. Eftir að verslunarfrelsilögin gengu í gildi voru brátt norsk og bresk skip farin að sigla hingað í krafti laganna, þó stóru tækifærin létu á sér standa. Hvað um það, sjálf lögin eru stór áfangi í frelsisbaráttunni, vonarneisti sem ekki veitti af eftir vonbrigðin með þjóðfundinn 1851. Að baki lögunum er fimmtán ára barátta Jóns og fylgismanna hans fyrir verslunarfrelsi, fimmtán löng ár frá því að hann tæplega þrítugur ritaði fyrstu blaðgrein sína á ævinni "Island og dets handel" í Köbenhavnsposten sem hann fylgdi svo fast eftir með fleiri greinum í sama blaði. Það er oft sagt um Jón Sigurðsson að hann hafi fengið köllun því fram eftir aldri benti ekki margt til að hann hefði leiðtogahæfileika. En svo skyndilega með blaðgreininni um verslunarmál 1840 gengur hann ótrauður fram, eins og títt er

um foringja, stígur á stökk og er senn í stafni. Nokkrum mánuðum seinna gengur hann í Fjölni og ári síðar stofnar hann Ný félagsrit sem verður mál gagn hans. Grein hans í Nýjum félagsritum "Hugvekja til Íslendinga" 1848 og framgangann á þjóðfundinum 1851, eru svo augnablikin þar sem hann styrkir sitt heit.

En hvað er það sem gerir verslunarmálið svo sérstakt og því þennan sigur svo sætan? Við rammann reip var að draga að ná sambandi við kjósendur og sannfæra þá um að til væri annað en kyrrestaða, því þegar því sleppti að fjandskapast gegn grimmd Íslandskaupmanna sem allir gátu sameinast um, þá fór í verra að fá bændur til að ganga í hóp baráttumanna fyrir verslunarfrelsi. Þeir skildu almennt ekki orðið "höndlunarfrelsi" eða þörfina á að lögbinda það, þekktu bara kyrstöðuna og ekki það að hægt væri að hafa áhrif á framvindu þjóðfélagsins. Séra Ólafur E. Johnsen, mágur Jóns, orðaði þetta betur en flestir. Hann sagði: "Ekkert getur sett líf í oss betur en fríhöndlunin, og komi hún ekki, verður hér ekkert líf." Ólafur þekkti það af eigin raun frá útlöndum, en hvernig gat almúginn á Íslandi ímyndað sér það sem hann hafði aldrei upplifað eða séð.

Við höfum engar heimildir mér kunnar til að styðjast við um það hvað gerðist nákvæmlega, hvernig Jón fékk þá köllun sem ég kys að nefna þessi hvörf í lífi hans. Sjálfur er hann rúmliggjandi þegar hann ritar þessa grein í júní 1840 og hefur legið frá áramótum. Honum er kippt út úr sínum venjulega farvegi, þó heimildir sýni að hann hafi unnið það sem hann gat í rúminu. Hann virðist ekki hafa heillast af samstarfi við Fjölnismenn sem eru hugsanlega of rómantískir fyrir hans praktísku áhugamál. Hann virðir þó Tómas Sæmundsson mikils en Tómas hafi einmitt orðið fyrstur til að rita um verslunarmál á Íslandi í dönsk blöð, þar sem hann kvartaði undan yfirgangi danskra kaupmanna. Knudtzon, danski Íslandskaupmaðurinn sem ritar grein gegn Tómasi er Jóni kunnur, því Jón hafði verið bókhaldsmaður og skrifari hjá honum strax að loknu stúdentsprófi. Grein Knutzon kaupmanns gengur fram af Jóni og þar sem Tómas er of veikur til að svara, rennur Jóni blóðið til skyldunnar.

Hvort þarna hafi orðið hvörf í lífi hans, eða að hann hafi verið tilbúinn í slaginn og tækifærið komið upp í hendurnar á honum, vitum við ekki. Hitt er ljóst að áhugi hans á stjórnárum tendrast af verslunarmálinu. Jón er skyndilega orðinn þátttakandi í þjóðmálaumræðu. Síðar meir, eða árið 1848, er hann sendir sína pólitísku stefnuskrá, „Hugvekju til Íslendinga“ í Nýjum félagsritum með sama vorskippingu sem bar landsmönnum þær fréttir að einvaldskonungurinn væri látinn, sýndi hann hve afbragðssnjall hann var í pólitískum tímasetningum. Fall einveldisins og stefna hans um það sem í staðinn kæmi, berst heim með sama skipi.

Það er heillandi að kynnast baráttuaðferðum Jóns í verslunarmálinu. Hann hefur hvergi dregið af sér og leikið á öll sín mörgu hljóðfæri til að hafa áhrif á gang mála. Grunnurinn var traustur, hann var djúpur hugsuður með mikinn sannfæringarkraft og ríka þörf til að ná eyrum kjósenda. Það er merkingarmunur á því sem við köllum í dag tengslanet og því hugsjónastarfi sem hann vann með tengslum við fólk sem hann var stöðugt að hvetja til dáða. Hann sendi einkabréf með tilbúnum texta í bænaskrár svo þær væru samræmdar hvarvetna á landinu, er einatt í forystu fyrir þingnefndum Alþingis um viðskiptamál og flutti mál sitt í

ræðum og einkaviðtölum. Hann ritaði blaðagreinar í Danmörku og í Nýjum félagsritum, átti fundi með dönskum stjórnámálönnum, las allt sem hann komst í og stundaði rannsóknir á verslunarmálum og svo má ekki gleyma því að hann leitar í eigin verslunarreynslu. Hann hefur borið saman verð á Íslandi og í Kaupmannahöfn, séð með eigin augum áhrif frjálsrar verslunar á hagsæld Dana og lesið kenningar hagfræðinga eins og John Stuart Mills og bresku liberalistanna sem voru íhaldssamir í innanlandsmálum en frjálshyggjumenn í milliríkjaviðskipum. Hann les Adam Smith, Ricardo og Jean-Baptiste Say og hann fylgist með landkaupastefnu stórveldanna. Við sjáum á þessum aðferðum Jóns að þar hefur hann smíðað vopnin sem bita að viðbættum dugnaði og eljusemi.

Allt eru þetta nútímaaðferðir stjórnanda með skýra framtíðarsýn, sem byggir upp og ræktar öflugt tengslanet og miðar allt sitt líf að einu og sama markinu. Honum tekst að spinna vef úr þeli draumanna, fanga þá einn af öðrum og fella í skipulega heild. Sumir draumar rætast ekki og stundum virðist uppgjöfin vera eina leiðin. Hann hefði losnað við mörg vonbrigðin, hefði hann hlýtt ráðum föður síns og sett punkt aftan við verslunarfrelsið. En köllun hans stóð til þess að gera Ísland sjálfstætt ríki, þó hann lifði ekki þann dag og fengi ekki að vera viðstaddur þegar landið fékk stjórnarskrá. Hann þolir mjög vel að vera skoðaður úr nálægð og minnkar ekkert á jafnsléttu þó hann eigi það svo innilega skilið að vera á stalli. Við hin þurfum að setja hann á stall okkur til áminningar um að þora, vilja og geta eins og hann. Hann bjó sér til stöðu, skapaði aðstæður, smíðaði vopnin og barðist. Með ótrúlegri elju tókst honum að fella í eina heild, heimsborgina og fæðingasveitina. Við skulum gefa honum í afmælisgjöf að fylgja merki hans. Hann er tákn hins sjálfstæða Íslands, áminning þess að við erum gerendur í eigin örlagavef.

Gleðilega þjóðhátíð.

Helstu heimildir

Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval. Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar 1811-1911. Þorleifur H. Bjarnason ritstj. 1933. Reykjavík, Bókadeild Menningarsjóðs.

Egill J. Stardal 1981. Forsetinn Jón Sigurðsson og upphaf sjálfstæðisbaráttunnar. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja hf.

Einar Laxness 1979. Jón Sigurðsson forseti 1811-1879. Yfirlit um æfi og starf í máli og myndum. Reykjavík, Sögufélag.

Elín Pálmadóttir 1989. Fransí biskví: frönsku Íslandssjómennirnir. Reykjavík, Almenna bókafélagið.

Franklin, Benjamin 1839. Tvær æfisögur útlendra merkismanna. Kaupmannahöfn, Hið íslenska Bókmentafélag.

Guðjón Friðriksson 2002. Jón Sigurðsson. Ævisaga. Fyrri bindi. Reykjavík, Mál og menning.

Guðjón Friðriksson 2003. Jón Sigurðsson. Ævisaga. Síðara bindi. Reykjavík, Mál og menning.

Halldór Kiljan Laxness 1957. Brekkukotsannáll. Reykjavík, Helgafell.

Hallgrímur Sveinsson 1994. Jón Sigurðsson forseti: ævisaga í hnotskurn. Hrafnseyri, Vestfirska forlagið.

Indriði Einarsson 1959. Menn og Listir, Reykjavík, Hlaðbúð.

Isaacson, Walter 2003. Benjamin Franklin. An American Life, New York, Simon&Schuster Paperbacks.

Kjartan Ólafsson 1986. "Áform Frakka um nýlendu við Dýrafjörð. Napóleon prins á Íslandi 1856". Saga XXIV, bls. 147-203

Kjartan Ólafsson 1987. "Dýrafjarðarmálið. Jón forseti og Ísfirðingar á öndverðum meiði." Saga XXV , bls. 89-166.

Lúðvík Kristjánsson 1953-1960. Vestlendingar I og II. Reykjavík, Skuggsjá.

Lúðvík Kristjánsson 1961. Á slóðum Jóns Sigurðssonar. Reykjavík, Skuggsjá.

Páll Eggert Ólason 1929-1933. Jón Sigurðsson, Reykjavík, Hið íslenska þjóðvinafélag.

Af blöðum Jóns forseta. Sverrir Jakobsson, ritstj., 1994 Reykjavík, Almenna bókafélagið.

Vilhjálmur Þ. Gíslason 1944. Jón Sigurðsson í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans. Akureyri, Bókaútgáfan Norðri.